

Kópavogsbær
Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 14. júní 2023
Tilvísun: 202202040 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Kársneshafnar, Reitur 13, Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1, 2 og 3 og Þinghólsbraut 77-79, Kópavogsbær

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 31. maí 2023, sent Skipulagsstofnun breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til yfirferðar að nýju samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 19. ágúst 2022.

Með gögnum fylgir:

- Minnisblað skipulagsdeildar, dags. 25. maí 2023
- Minnisblað lögfræðideildar, dags. 8. maí 2023
- Umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 24. maí 2023
- Umsögn svæðisskipulagsstjóra, dags. 4. maí 2023

Deiliskipulagsbreytingin barst Skipulagsstofnun upphaflega þann 14. febrúar 2023 og var afgreitt með bréfi dags. 10. mars 2023 þar sem ekki var tekin afstaða til deiliskipulagsbreytingarinnar og óskað frekari umsagna og upplýsinga.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að núverandi atvinnuhúsnæði á lóðunum víki fyrir nýrri byggð. Gert er ráð fyrir uppbyggingu 150 íbúða í 2-4 hæða fjölbýlishúsum, samtals 24.995 m². Nýtingarhlutfall lóðar er 1,81.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á tveimur kortblöðum, breytingaruppdráttur (001) með greinargerð og uppdrætti, (001) í mkv. 1:1000 og uppdráttur (002) í mkv. 1:500. Auk þess fylgja fjórir skýringaruppdrættir, sniðmyndir (003) í mkv. 1:500, skuggavarp (004), þvívíddarmyndir (005) og skýringarmyndir (006). Allir uppdrættir eru dags. 30. mars 2023, með breytingu dags. 7. desember 2022 og 25. maí 2023.

Auk þess fylgir með gögnum:

- Minnisblað um samgöngur, dags. 30 mars 2022, með breytingum dags. 7. desember 2022
- Minnisblað um umhverfisáhrif, dags. 27. apríl 2022, uppfært dags. 19. maí 2023
- Minnisblað um áhættumat vegna loftslagsbreytinga, dags. 27. apríl 2022.
- Húsakönnun, dags. 1. desember 2022, uppfærð 21. apríl 2023
- Minnisblað um hljóðvist, dags. 22. maí 2023

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þegar uppfærð deiliskipulagsgögn og nýjar umsagnir/athugasemdir umsagnaraðila hafa verið teknar til umræðu í sveitarstjórn skv. 1. mgr. 42 gr. skipulagslaga.

Senda þarf Skipulagsstofnun undirrituð gögn til vörslu.

Sóley Ósk Sigurgeirsd.
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir